

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsið Borg
805 Selfoss



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsgötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 22. nóvember 2022
Tilv.: MRN22110134/6.23.0

Efni: Tilkynning um mögulega afturköllun staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands

Hér með tilkynnir mennta- og barnamálaráðuneytið sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi og þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að byggðasamlögum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sem eru aðilar að þjónustusamningi um Sérdeild Suðurlands, að til skoðunar er að afturkalla staðfestingu ráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 11. september 2019 með auglýsingu nr. 797/2019, sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010.

Aðdragandi málsins er sá að með úrskurði þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í stjórnsýslumáli nr. MMR20080157, sem kveðinn var upp 5. nóvember 2020, var komist að þeirri niðurstöðu að 17. gr. reglnanna væri ekki í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla nr. 91/2008. Beindi ráðuneytið þeim tilmælum til sveitarfélaganna sem í hlut eiga að bæta úr ákvæðinu. Í því sambandi var sérstaklega litið til þess að enginn vafi mætti leika á ábyrgð sveitarfélaga á þeim skyldum sem mælt er fyrir um lögum um grunnskóla þegar börn sækja skóla í sérskóla eða sérúrræði.

Sveitarfélögin hafa ekki brugðist við þessum tilmælum. Af þeirri ástæðu telur mennta- og barnamálaráðuneytið ekki annað fært en að hefja málsmeðferð sem kann að ljúka með afturköllun staðfestingar ráðherra á reglum. Hér með er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til málsins. Ef sveitarfélögin vilja frekari upplýsingar eða leiðbeiningar frá ráðuneytinu verða þær fúslega veittar. Frestur til að leggja fram athugasemdir er til 15. desember nk.

Fyrir hönd ráðherra


Anna Tryggvadóttir


Lilja Katrín Ólafsdóttir

Samrit: Sveitarfélögin Árborg, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, Ölfus og Hveragerðisbær.